

Auglýsing vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Aðalgötu 1 í samræmi við 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015



Hjá byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar liggur fyrir byggingarleyfisumsókn í samræmi við 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 frá Sauðárkróskirkju, eiganda Aðalgötu 1 á Sauðárkróki, um leyfi til að byggja skábraut til bráðabirgða við Safnaðarheimili Sauðárkróskirkju, ásamt því að laga aðgengismál.

Breytingarnar varða fyrirhugaða skábraut til bráðabirgða á baklóð og lítilsháttar útlitsbreytingu á húsnæðinu og er áætlaður verktími um 3 mánuðir.

Byggingarár hússins er 1906.

Húsið nýtur friðunar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Fyrir liggur jákvæð umsögn Minjastofnunnar Íslands, dagsett 13. maí 2020.

Framkvæmdin er innan verndarsvæðis í byggð sem er norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki sem staðfest var af ráðherra 11. febrúar 2020.

Húsið telst hafa hátt varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis samkvæmt greinargerð um Verndarsvæði í byggð frá 2018 og mati Húsakönnunar Sauðárkróks. Norðurhluti gamla bæjar frá 2018.

Með vísan til 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, skal sveitarstjórn auglýsa hina fyrirhugðu framkvæmd áður en tekin er ákvörðun um leyfi til framkvæmda. Þannig er almenningi og hagsmunaaðilum veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.

Gögn er varða fyrirhugaða framkvæmd liggja frammi til kynningar frá og með miðvikudeginu 1. júlí 2020 til og með 15. júlí 2020 í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://www.skagafjordur.is/>

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefin kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd og gera athugasemdir eða ábendingar við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 15. júlí 2020 til byggingarfulltrúa í Ráðhúsi Skagfirðingabraut 17-19 eða á netfangið: andrig@skagafjordur.is

Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi.

